

**Eyjafjarðardeild Rauða krossins, stjórnarfundur í Viðjulundi, Akureyri,  
þriðjudaginn 12. september 2023 og hófst hann kl. 17:00**

Mættir: Þorsteinn K. Björnsson, formaður, Kristín Björk Gunnarsdóttir, varaformaður, Jón Baldvin Hannesson, ritari, Sigríður Stefánsdóttir, Kári Fannar Lárusson, Konráð K. Baldvinsson, Kristjana Valgeirsdóttir, Karen Malmquist.  
Starfsmenn: Ingibjörg Halldórsdóttir, deildarstjóri.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna til fundar.

**1. Kynning á 6 mánaða rekstraryfirliti og endurskoðun fjárhagsáætlunar 2023**

Ingibjörg Halldórsdóttir, deildarstjóri fór yfir 6 mánaða rekstraryfirlit deildarinnar og svaraði fyrirspurnum stjórnarmanna um það. Ýmsar breytingar hafa orðið á fjárhagsáætlun ársins og því þörf á að endurskoða hana og fór Ingibjörg yfir þær með stjórn.

**2. Kaup á uppþvottavél**

Framkvæmdastjóri óskaði leyfis hjá stjórn varðandi kaup á uppþvottavél sem samþykkt var með tölvupósti frá stjórn 23. júní 2023.

**3. Staða á málefnum flóttamanna hjá Eyjafjarðardeild**

Ingibjörg, deildarstjóri upplýsir um stöðu málaflokksins hjá deildinni.

**4. Kynning á fundi stjórnar með vinnuhópi um framtíðarfyrirkomulag Rauða krossins á Íslandi 5. júlí s.l.**

„Helstu hlutverk hópsins er að rýna og setja fram hugmyndir um skipulag og starfsemi Rauða krossins á Íslandi til framtíðar, þ.e. núverandi fyrirkomulag þar sem deildir starfa á ákveðnum starfssvæðum með það í huga að leggja fram sviðsmyndir sem styðja við ábyrgt, skilvirkt, árangursríkt og viðeigandi starf í nærsamfélagi.“ Eftirtaldir sátu fundinn: Þorsteinn, Jón Baldvin, Sigríður, Ingibjörg og Gréta María Grétarsdóttir stjórnarkona RKÍ sem stýrði fundi. Þær þrjár síðasttöldu eru í hópnum.

**5. Beiðni um fjárveitingu**

Beiðni um styrk vegna fræðsluferðar fyrir fataflokkunarhóp á Akureyri. Beiðni um styrk samþykkt. Upphæð liggur ekki fyrir að svo stöddu.

**6. Erindi frá leigutökum**

Ingibjörg Halldórsdóttir, deildarstjóri gerir grein fyrir erindinu.

**7. Þarfagreining á Eyjafjarðarsvæðinu og stefnumörkun**

Umræðum um þessi mál var frestað en verður haldið áfram á næsta stjórnarfundum frá því sem frá var horfið á stjórnarfundum 8. nóv. 2022. Afgreiðslu frestað vegna fámennis. Umræðu frestað.

**8. Önnur mál.**

Engin frekari mál tekin fyrir, fundi slitið kl. 19:45.

*Kristín Björk Gunnarsdóttir*  
*Sigríður Stefánsdóttir*  
*Þorsteinn K. Björnsson*

*Þorsteinn K. Björnsson*  
*Kristjana Valgeirsdóttir*  
*Ingibjörg Halldórsdóttir*